

Helstu fréttir

Sveitarfélagið Stykkishólmur

10. tbl. 2. árg.

5. nóvember 2024



Morgunsólin í október lýsir upp Bjarnarhafnarfjallið í bakgrunni Grunnskólans í Stykkishólmi.

Alþingiskosningar framundan

Gengið verður til alþingiskosninga laugardaginn 30. nóvember næstkomandi. Kosningabaráttan er hafin og frambjóðendur víða á faraldsfæti til að kynna sig og stefnu síns flokks. Efstu frambjóðendur Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi litu við á Höfðaborg í lok októbermánaðar og kynntu sín helstu baráttumál. Þá héldu þau einnig hádegisfund í bakaríinu þar sem gestum var boðið uppá súpu og brauð. Einn

þessa frambjóðenda var Hólmurum vel kunnur en það er Auður Kjartansdóttir sem vermir þriðja sæti framboðslista Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi. Auður er ekki eini Hólmurinn sem stendur í kosningabaráttu þessa dagana. Á framboðslistum má finna a.m.k. tíu Hólmara til viðbótar eða aðila sem bera sterkar taugar til Stykkishólms. En það eru, Bjarki Hjörleifsson sem er í 2. sæti á lista Vinstri grænna í

Norðvesturkjördæmi. Á sama lista má finna Kristínu Þorleifsdóttur, fyrrum skipulagsfulltrúa sveitarfélagsins, í 7. sæti. Fyrir Miðflokkinn vermir Sigurður Páll Jónsson 3. sæti í Norðvesturkjördæmi. Óli Jón Gunnarsson, fyrrverandi bæjarstjóri í Stykkishólmi, skipar 14. sæti lista Miðflokksins í Norðvesturkjördæmi en sonur hans, Bergþór Ólason, situr í fyrsta sæti flokksins í Suðvesturkjördæmi. Þá er Þorleifur Andri Harðarson í 19.

sæti á lista Miðflokksins í Suðvesturkjördæmi. Dagbjört Höskuldsdóttir er í 5. sæti á lista Framsóknarflokksins í Reykjavíkurborg kjördæmi suður. Á lista Flokks fólksins fyrir Norðvesturkjördæmi má finna Dagný Ósk Hermannsdóttir í 9. sæti, Svan Grétar Jóhannsson í 11. sæti og Hermann Bragason í 13. sæti. Það er því ljóst að Hólmara eiga víða frambærilega fulltrúa sem eflaust huga að hagsmunum sinna heimahaga.

Svanborg og Gréta heiðraðar á opnunarhátíð Norðurljósa



Svanborg og Gréta ásamt bæjarfulltrúum.

Menningarhátíðin Norðurljósin var haldin í sjöunda sinn í Stykkishólmi í október. Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, forseti bæjarstjórnar setti hátíðina á opnunartónleikum sem fram fóru í Stykkishólmskirkju, fimmtudaginn 24. október, en þar var boðið til sannkallaðrar söngveislu að hætti Hólmfríðar Friðjónsdóttur. Fram komu þrír kórar; Karalakórinn Heiðbjört, Kvennasveitin Skaði og Söngsveitin Blær en einnig komu fram Lárus Ástmar Hannesson, Halla Dís Hallfreðsdóttir og Hólmfríður sjálf. Um undirleik sáu þeir Lázsló Petö, Hólmgeir S. Þórsteinsson, Haukur Garðarsson og Martin Markvoll. Tónleikarnir voru vel sóttir enda prýðis góð skemmtun í boði. Norðurl-

jósahátíðin hefur ætíð miðað að því að heimafolk skemmti sér og öðrum en ánægjulegt var að auk þeirra Hólmara og Helgfallinga sem fram komu var þónokkur fjöldi sunnan af Snæfellsnesi. En það fellur einmitt vel að orðræðu Þórhildar Eyþórsdóttur, bæjarfulltrúa, sem ávarpaði salinn og talaði meðal annars um sameiningsmátt menningar og lista. Líkt og á fyrri Norðurljósa hátíðum veitti bæjarstjórn viðurkenningu fyrir framlag til lista-, menningar- og samfélagsmála í sveitarfélaginu. Þórhildur Eyþórsdóttir, bæjarfulltrúi, kom fram fyrir hönd bæjarstjórnar og ávarpaði salinn. Það voru þær Svanborg Siggeirsdóttir og Gréta Sigurðardóttir sem hlutu viðurkenningu fyrir sitt

öfluga starf í þágu samfélagsins, bæði í starfi og leik. Hér að neðan má lesa ávarp Þórhildar frá athöfninni.

Í dag heiðrum við í bæjarstjórninni tvo einstaklinga sem hafa ekki aðeins verið framúrskarandi í sínu starfi heldur einnig verið ómetanlegur hluti af okkar samfélagi. Þeir hafa gefið tíma, orku og ástríðu til að efla menningu og stuðla að bettra samfélagi fyrir okkur öll. Með því að fagna þeim í dag, minnumst við jafnframt þess að hver einstaklingur hefur áhrif á umhverfi sitt og að kærleikur og skuldbinding til samfélagsins getur leitt af sér betra og sterkara samfélag.

Fyrri viðurkenninguna hlýtur kona sem kemur úr Flóanum, en hingað í Hólminn kom hún um

tvítug og nýgift. Konan sem hér um ræðir hefur heldur betur sett mark sitt á bæjarlífið í gegnum tíðina, bæði hvað varðar atvinnu- og menningarlíf og hana mætti með sanni kalla frumkvöðul. Hún, ásamt manni sínum, átti stóran þátt í uppbyggingu og þróun ferðaþjónustu í sveitarfélaginu og hefur komið að ýmsum verkefnum sem hafa stuðlað að nýjum möguleikum í atvinnulífi. Hennar framlag nær einnig út fyrir ferðaþjónustuna. Hún hefur ávallt verið öflug í félagsstörfum, þar á meðal í störfum fyrir Emblurnar og Eflingu, og tekið virkan þátt í að vinna að framfarumálum fyrir samfélagið í heild sinni. Ég vil biðja Svanborgu Siggeirsdóttur um að koma upp og þiggja smá virðingavott frá sveitarfélaginu

sem unninn er af Láru Gunnarsdóttur. Seinni viðurkenningin fellur í skaut konu sem hefur lagt sitt af mörkum til að standa vörð um menningararf og sögulegt umhverfi Stykkishólms eins og uppbygging á hótél Egilsen ber vott um. Af elju og framsýni hefur hún svo eflt menningarlíf í Stykkishólmi svo um munar. Hún var forsprakki þess að stofna Júlíönuhátíðina, menningarviðburð sem hefur farið fram óslitið frá árinu 2013. Hátíðin sem er orðin fastur menningarliður í Stykkishólmi samein-

ar listafólk, fyrirtæki, stofnanir og bæjarbúa, og skapar vettvang fyrir samvinnu, gleði og listsköpun. Þar hefur hún stuðlað að því að styrkja tengsl milli menningar og daglegs lífs bæjarbúa eins og t.d. samstarf við skóla bæjarins er gott dæmi um. Við viljum biðja Grétu Sigurðardóttur að koma hingað upp og þiggja virðingavott frá sveitarfélaginu sem kemur einnig úr smíðju Láru Gunnarsdóttur.

Dagskráin Norðurljósanna í ár var vegleg og metnaðarfull og þátttaka góð.



Hólmfríður Friðjónsdóttir og Lárus Ástmar Hannesson.



Gréta Sigurðardóttir tekur við viðurkenningu.



Svanborg Siggeirsdóttir tekur við viðurkenningu.



Fjöldi listafólks kom fram á tónleikunum.



Hólmfríður stjórnar af ákafa.



Bleikt party á Höfðaborg

Bleiki dagurinn var haldinn um land allt miðvikudaginn 23. október síðastliðinn. Bleiki dagurinn er liður í átakinu Bleika slaufan, sem Krabbameinsfélag Íslands heldur utan um. Þá eru landsmenn hvattir til að klæðast bleiku

og lýsa skammdegið upp í bleikum ljóma. Af þessu tilefni var haldið bleikt party á Höfðaborg fimmtudaginn 17. október og konum sem greinst hafa með krabbamein og aðstandendum þeirra þannig sýndur stuðningur og samstaða.



Vörður opnar skrifstofu í Stykkishólmi

Snemma í september opnaði Sjóvá skrifstofu í gamla húsnæði Búnaðarbankans við Aðalgötu 10 í Stykkishólmi. Nýja starfsstöð Sjóvá í Stykkishólmi er opin mánudaga og miðvikudaga milli klukkan 9 og 15:30 og á föstudögum frá klukkan 09.00-15.00. Mánudaginn 4. nóvember

opnaði Vörður Tryggingar einnig skrifstofu í Stykkishólmi en skrifstofa þeirra er staðsett í húsnæði Arion banka við Aðalgötu 24. Opnunartími skrifstofunnar er alla virka daga frá kl. 12:00 til 16:00. Í tilefni opunarinnar var boðið upp á ilmandi vöflur og heitt kaffi á mánudaginn var.

Vel sóttur íbúafundur um verkefnið *Gott að eldast*



Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi buðu til íbúafundar um verkef-

nið Gott að eldast mánudaginn 4. nóvember á Höfðaborg. Fundurinn

var öllum opin en um 60 manns mættu og létu vel um sig fara í nýja salnum á Höfðaborg. Sveitarfélagið Stykkishólmur er meðal 22 sveitarfélaga og sex heilbrigðisstofnanna sem taka þátt í þróunarverkefninu Gott að eldast. Verkefnið gengur út á að samþætta félags- og heilbrigðisþjónustu fyrir eldra fólk í heimahúsum og flétta vandlega saman þá þætti sem ríkið sér annars vegar um og hins vegar

sveitarfélögin. Jakob Björgvin, bæjarstjóri, bauð fólk velkomið áður en Líf Lárusdóttir, verkefnastjóri Gott að eldast hjá SSV, kynnti verkefnið, helstu áskoranir þess og tækifæri. Að lokum fluttu hjónin, Líney Úlfarsdóttir, sálfræðingur, og Svavar Knútur, söngskáld, erindi undir yfirskriftinni „Það er pláss fyrir alla“. Boðið var upp á kaffi og léttar veitingar í lok fundarins.

Hrekkjavaka í Hólminum



Víða voru hinar ýmsu kynjaverur á sveimi í myrkrinu.

Það var draugalegt um að litast á götum bæjarins mánudagskvöldið 28. október síðastliðinn þegar foreldrafélag Grunnskólans í Stykkishólmi stóð fyrir hrekkjavökugöngu. Hrekkjavaka nefnist á enskri tungu Halloween en það er stytting á All Hallows' Evening sem er kvöldið

31. október, vakan fyrir Allraheilagramessu. Allraheilagramessa er tileinkuð píslarvottum kirkjunnar og er haldin 1. nóvember víðsvegar um heim. Hátíðin fer sífellt vaxandi hér á landi en á hrekkjavöku er hefð fyrir því að börn klæði sig upp í búninga og gangi í hús í leit að

sælgæti. Ólíkt öskudeginum er áhersla lögð á hræðilega eða ógnvekjandi búninga á hrekkjavökunni. Uppvakningar, draugar, nornir og hrollvekjandi trúðar eru því áberandi á þessum tíma. Hólmarar þjófstötuðu gleðinni þetta árið með hrekkjavökugöngu mánudaginn 28. ok-

tóber. Börn örkuðu þá á milli húsa og söfnuðu sér sælgæti. Gengið hefur verið út frá þeirri reglu í Stykkishólmi að banka megi uppá þar sem hús hafa verið merkt eða skreytt með skýrum hætti í tilefni Hrekkjavökunnar.

Lys op for stop



Skammdegið er skollið á.

Nú þegar skammdegið færirst yfir er gott að huga að sýnileika og draga fram endurskinsmerkin, jafnt börn sem fullorðnir. Með því að gera sig sýnilega

með endurskinsmerkum auka gangandi og hjólandi vegfarendur eigið öryggi. Ökumenn sjá þá vegfarendur fyrr og eru því líklegri til að stoppa þegar þörf er á,

eða eins og daninn segir gjarnan *Lys op for stop!* Raunar er það strætisvagnafyrirtækið Sydtrafik sem kastaði þessum frasa fram til að hvetja viðskiptavini sína

til að láta meira á sér bera við stoppistöðvar. En dönsk skólabörn gripu frasan á lofti og nota óspart til að hvetja til notkunar endurskinsmerkja almennt. Samkvæmt Samgöngustofu er best að hafa endurskinsmerki á eftirfarandi stöðum: fremst á er mum, meðfram hliðum og á skóm eða neðarlega á buxaskálmum. Þá virkar endurskin eins og blikkljós þegar ljós skín á þau. Því fyrr sem ökumenn greina vegfarendur þeim mun minni líkur eru á að slys verði.

Gönguleið mótuð við Hjallatanga og Búðarnes



Búið er að móta landslag í samræmi við framtíðarskipulag um gönguleiðir á svæðinu.

Árið 2021 var tilkynnt um úthlutaða styrki úr Landsáætlun um uppbyggingu innviða og þar var tilkynnt að styrkur hafi verið veittur til heildarhönnunar svæðisins við Búðarnes og Hjallatanga með það að markmiði að útbúin verði söguleið um svæðið þar sem saga Stykkishólms hófst. Verkefnið er samstarfsverkefni sveitarfélagsins og Minjastofnunar Íslands, enda er svæðið ríkt af menningarminjum auk þess sem þar er mikil náttúrufergurð. Í Búðarnesi hófst verslunarsaga

Stykkishólms og eru þar minjar tengdar verslun á svæðinu, þar á meðal friðlýstar búðatóftir. Í tengslum við framangreint verkefni hafa framkvæmdir staðið yfir á svæðinu í liðnum mánuði, en þar hefur landslag verið mótað í samræmi við framtíðarskipulag um gönguleiðir á svæðinu. Hafði áður verið grafið á svæðinu í kjölfar þess að lóðinni Nesvegur 22a var úthlutað en þar stóð til að reisa atvinnuhúsnæði og þá að móta gönguleiðir og útivistarsvæði til samræmis við þau áform.

Þau áform eru nú breytt og lóðin aftur komin í umsjá sveitarfélagsins, en frágangur eftir jarðrask á svæðinu var látin biða vegna skipulagsvinnu við göngustígagerð á svæðinu. Nú er hins vegar búið að móta landslagið í samræmi við þá vinnu svo hengtugt sé að ganga á milli Hjallatanga og Búðarnes, en sáð verður í framkvæmdarsvæðið næsta vor. Stefnt er að því að framtíðarsýn fyrir svæðið liggi svo endanlega fyrir á þegar lokið verður við heildarhönnun svæðisins á næsta

ári. Þetta verkefni felur vel að stefnu sveitarfélagsins um að vinna markvisst að því að bæta aðgengi íbúa og gesta að útivist og náttúruupplifun í sveitarfélaginu. Er það gert m.a. með því að auka aðgengi að göngustígum, merkja gönguleiðir og koma upp leiðavísingum og upplýsinga- og söguskiltum þar sem við á. Um Hjallatanga og Búðarnes liggja fallegar gönguleiðir þar sem útsýni yfir Breiðafjörð er stórbrotið og Bjarnarhafnarfjallið fær sín gjarnan notið í hlýju litrófi sólsetursins.



Landsátak í sundi



Aðstaða til sundiðkunar er afbragðsgóð í Stykkishólmi.

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands í samstarfi við Sundsamband Íslands stendur fyrir landsátaki í sundi frá 1. - 30. nóvember 2024. Syndum er heilsu- og hvatningaráttak sem höfðar til

allra landsmanna. Markmiðið með Syndum er að hvetja almenning til þess að hreyfa sig oft og meira í sínu daglega lífi og nota meðal annars sund til þess. Á síðasta ári syntu þátttakendur samtals 26.862,93 km,

eða rúmlega 20 hringi í kringum landið. Syndum - Landsátak í sundi, er framhald af Íþróttaviku Evrópu og styrkt af Evrópusambandinu. Markmið Íþróttaviku Evrópu er að kynna íþróttir og al-

menna hreyfingu um alla Evrópu og sporna þannig við auknu hreyfingarleysi meðal almennings. Það er margt sem við getum gert til að bæta og viðhalda líkama og sál og allt telur. Íslendingar hafa verið duglegir að stunda sund enda búum við vel að góðum sundlaugum um allt land. Sund er fyrir alla, óháð aldri, bakgrunni eða líkamlegu ástandi og er tilvalin þjálfunaraðferð sem styrkir hjarta- og æðakerfið, lungu og vöðva líkamans en er einnig frábær og skemmtileg tómstundaiðja sem öll fjölskyldan getur stundað saman. Hólmarmarar eru hvattir til að nýta þá góðu aðstöðu sem hér stendur til boða og taka þátt í átakinu.

Hundaeigendur athugið



Tveir ferfættir Hólmarar í fjallgöngu í Helgafellssveit.

Undanfarin ár hefur hundahreinsun farið fram með nýju sniði í Stykkishólmi. Fyrirkomulagið hefur mælst vel fyrir og verður hreinsunin því með sama dag sniði í ár. Í stað þess að boða alla hunda í hreinsun sama dag mun Dýralæknamíðstöð Vesturlands hafa samband við eigendur skráðra hunda og bjóða þeim að bóka stuttan tíma. Auk hundahreinsunar er boðið upp á snögga heilsufarsskoðun og hundaeigendum gefst

tækifæri til að spyrja spurninga og fá ráðgjöf varðandi sína hunda ef þörf er á. Hundaeigendur geta því átt von á því að dýralæknir setji sig í samband við þá á næstunni og bjóði þeim að bóka tíma. Boðið er upp á tíma frá 30. október til og með 8. nóvember. Þeim sem ekki vilja bóka heilsufarsskoðun er boðið að mæta í hundahreinsun með hefðbundnu sniði þriðjudaginn 12. nóvember næstkomandi á milli kl. 16:30 og 18:00.

Óskað eftir ábendingum og tillögum við gerð fjárhagsáætlunar



Vinna við gerð fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins stendur nú yfir og er íbúum gefin kostur á að skila inn ábendingum og tillögum vegna þessa og hafa með því móti tækifæri til að hafa áhrif á aðgerðir bæjarstjórnar. Með því að opna fyrir ábendingar og tillögur

vill sveitarfélagið stuðla að auknu íbúalýðræði. Áhugasamir aðilar sem vilja koma fram tillögum eða ábendingum varðandi fjárhagsáætlun 2025, eru hvattir til að koma þeim til skila í síðasta lagi 10. nóvember 2024. Hægt er að skila inn ábendingum á Íbúagátt Stykkishólms eða á net-

fangið stykkisholmur@stykkisholmur.is Öllum tillögum og ábendingum er tekið fagnandi og verða lagðar fyrir bæjarráð/bæjarstjórn til að taka mið af við gerð fjárhagsáætlunar. Nú er tækifæri til að koma á framfæri ábendingum varðandi ný verkefni, nýjar fjárfestingar

eða áhersluverkefni í starfsemi bæjarins, t.d. varðandi leikvelli, opin svæði, göngustíga, bæjarhátíðir, skipulagsmál, söfn, menningarviðburði, húsnæði og eignir sveitarfélagsins eða annað sem íbúar hafa skoðanir á.

Enn spáir hitatölum



Þó komið sé fram í nóvember gera verðurspár enn ráð fyrir þónokkru hita þessa fyrstu daga mánaðarins. Það getur þó breyst hvað og hverju og rétt að vera við öllu búin. Októbermánuður var kaldur á landinu öllu en meðalhiti í Stykkishólmi í október var 2,7 gráður. Á Akureyri var meðalhiti

inn 0,8 gráður en þetta var kaldasti októbermánuður á Akureyri síðan 1981. Á myndinni hér til hliðar má sjá steiptan bekk sem nýlega var komið fyrir á höfninni og stendur af sér öll veður. Þar er tilvalið að tilla sér þegar vindur er hægur og njóta þess að fylgjast með blómlegu hafnarlífínu.